

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 54

Dags. 16.4.2014

Skipulags- og umhverfisnefnd - 16.04.2014

54. fundur.

16. apríl 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Snæfríður Njálisdóttir

Þórunn Jónsdóttir

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(í fjarveru Harðar Benónýssonar)

Dagskrá:

1. Kárhóll í Reykjadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi
2. Flúðasel í Fnjóskadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi.
3. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.
4. Rauðaskriða. Breyting á deiliskipulagi.
5. Sandur 2 í Aðaldal. Stofnun frístundalóðar.

1. Kárhóll í Reykjadal. Breytinga á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi. S20140202

Tekið fyrir að nýju erindi dags. 14. febrúar 2014 frá Halldóri Jóhannssyni fyrir hönd Teikn á lofti ehf og Aurora Observatory þar sem óskað er eftir því að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði breytt þannig að gert verði ráð fyrir staðsetningu rannsóknarstöðvar á jörðinni Kárhóli.

Jafnframt er óskað eftir leyfi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar til Teikn á lofti ehf kt. 691206-4400 til að vinna deiliskipulag af jörðinni, fyrir hönd Aurora Observatory, vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Aurora Observatory ráðgerir að starfrækja alþjóðlega rannsóknarstöð á jörðinni með áherslu á rannsóknir Norðurljósa og efra andrúmslofts. Jafnframt verði starfrækt gestastofa fyrri ferðamenn til kynningar og upplýsingar um eðli Norðurljósa.

Fyrirhuguð bygging verði á allt að þremur hæðum og felld inn landið ofan og norðan núverandi mannvirkja á jörðinni. Gert er ráð fyrir að stærð byggingar geti verið allt að 700 m².

Erindinu var frestað á síðasta fundi þar sem ekki lá fyrir staðfesting á umboði umsækjanda frá Aurora Observatory. Hún barst síðar í bréfi dags. 25. febrúar 2014 undirritað af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni félagsins.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefnd frá 27. mars á fundi sínum 10 apríl s.l. þar sem hún samþykki að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreint verði nýtt þjónustusvæði í landi Kárhóls og að Teikn á lofti ehf yrði heimilað að vinna deiliskipulag af væntanlegri rannsóknarstöð og aðstöðu henni tengdri á kostnað Aurora Observatory eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsinguna og leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Flúðasel í Fnjóskadal. Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi S20140303.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 17. mars 2014 frá AVH, Önnu Margréti Hauksdóttur, f.h. landeigenda, Ingvars Kristjánssonar og Þórólfs Kristjánssonar þar sem óskað er eftir því að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitur í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 fyrir veiðiheimilið Böðvarsnes í Fnjóskadal og svæði þar í kring þar sem fyrirhugað er að reisa þar fimm ný smáhýsi fyrir veiðimenn. Jafnframt er óskað eftir því að landeigendum verði heimilað að láta vinna deiliskipulag af svæðinu á sinn kostnað með vísan í 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefnd frá 27. mars á fundi sínum 10 apríl s.l. þar sem hún samþykkti að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 í þá veru að skilgreindur verði nýr landnotkunarreitur fyrir veiðiheimili í landi Böðvarsness og að AVH ehf yrði heimilað að vinna deiliskipulag af svæðinu á kostnað landeigenda eins og 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Lagt fram breytingarblað dags. 10. apríl 2014 frá Hornsteinum ehf þar sem gerð er tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 með vísan í fyrri samþykktir sveitarstjórnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerðar verði óverulegar breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í þá veru að skilgreint verði nýtt verslunar- og þjónustusvæði fyrir veiðiheimili í landi Böðvarsness. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að annast málsmeðferð vegna aðalskipulagsbreytingarinnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

3. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

S20120101

Erindi dags 11. apríl 2014 frá Árna Gunnarssyni, verkefnastjóra, f.h. Landsvirkjunar þar sem lagt er til að gerð verði breyting á deiliskipulagi Þeistareykja-virkjunar sem samþykkt var 8.3.2012. Breytingin felst í því að lóð L-08 (vinnubúðir verktaka) er stækkuð lítillega til austurs og vesturs, mörkum lóða L-07 (vinnubúðir rekstraraðila) og L-08 er breytt og byggingarreitir stækkaðir og samræmdir breyttum lóðamörkum. Stækkun svæðis fyrir vinnubúðalóðir er um 4.500 m². Breytingin er sýnd á meðfylgjandi breytingarblaði dags. 10. apríl 2014.

Tilgangur breytingarinnar er að bæta nýtingu lóðanna og auka byggingarmagn lítillega til þess að mæta þörf fyrir húsrými fyrir starfsfólk, verktaka og rekstraraðila.

Breyting þessi á ekki við þá þætti deiliskipulagsins, sem haft geta veruleg áhrif á umhverfið, og hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir. Stækkunin miðast við að lóðamörk og lóðahæðir falli vel að ósnertu landi utan lóðamarka.

Með umsókn fylgir breytingarblað dags 10. apríl 2014 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Að mati skipulags- og umhverfisnefndar er hér um óverulegra breytingu að ræða og skal nefndin þá láta fara fram grenndarkynningu. Í þeim tilfellum sem óveruleg breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda er heimilt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að falla frá grenndarkynningu. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur því til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar verði samþykkt sem óveruleg breyting skv. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að fallið verði frá grenndarkynningu með vísan í fyrrgreindar lagagreinar þar sem umrædd deiliskipulagsbreyting er það óveruleg að hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda.

4. Rauðaskriða 1. Breyting á deiliskipulagi

S20120201

Tekið fyrir að nýju erindi dags 15. janúar 2014 frá Guðmundi H. Gunnarssyni, f.h. Rauðuskriðu ehf. kt. 680602-3440 þar sem óskað var eftir heimild til breytingar á deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu Rauðuskriðu 1, samkvæmt meðfylgjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi dags. 6. janúar 2014 frá Búgarði (GHG)

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 30. janúar s.l. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Rauðuskriðu 1. Tillagan var auglýst eins og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um fá og með 21. febrúar til og með 4. apríl 2014. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra án athugasemda.

Eftirfarandi athugasemdir bárust dags. 11. apríl frá Sigurði Bergsteinssyni, minjaverði f.h. Minjastofnun Íslands: „Hluti skipulagssvæðisins er í gamla heimatúni Rauðaskriðu og má því búast við að þar séu fornleifar undir sverði, jafnvel þó engar frásagnir um þær sé að finna né ummerki á yfirborðinu. Slíkar minjar hafa af eðlilega ekki verið skráðar, en kunna að koma í ljós við jarðrask vegna skipulagsins. Tvennar skráðar minjar kunna að vera í hættu vegna skipulagsins (Sp-258:004 og Sp-258:013). Sp-258:004 er á svæði þar sem gert er ráð fyrir vegalagningu og bílastæði. Skráningin byggir á túnakorti frá því í byrjun 20. aldar. Staðsetning er því ekki nákvæm. Því er nauðsynlegt að gera könnunarskurði á framkvæmdasvæðinu, til að kanna eðli og umfang minjanna, áður en til framkvæmda kemur. Í framhaldinu gæti verið nauðsynlegt að rannsaka minjarnar með uppgreftri, ef niðurstöður könnunarskurða gefa tilefni til. Sp-258:013 er túngarður sem þarf að rekja og sjá þannig hvort hann kunni að vera í hættu vegna skipulagsins.

Ofanritaðar aðgerðir verði gerðar í samvinnu við undirritaðan. (Sigurð Bergsteinsson)“

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til skipulagshöfundar að gerð verði grein fyrir athugasemdum/ábendingum minjavarðar í greinargerð með skipulaginu.

Að öðru leyti leggur nefndin til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rauðuskriðu 1, með fyrrgreindum athugasemdum/ábendingum minjavarðar, verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast gildistöku deiliskipulagstillögunnar eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

5. Sandur 2 í Aðaldal. Stofnun frístundalóðar.

S20140401

Erindi dags. 11. apríl 2014 frá Hlaðgerði Bjartmarsdóttur, Vættaborgum 38, 112 Reykjavík, þar sem hún sækir um heimild til að stofna frístundalóð í landi Sands 2 í Aðaldal. Með umsögn fylgir útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá með samþykki annarra landeiganda fyrir stofnun lóðarinnar og hnitsettur lóðaruppdráttur frá Loftmyndum ehf.

Snæfríður Njálisdóttir tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki stofnun frístundalóðarinnar og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að stofna hana í fasteignagrunni Þjóðskrár.

Fundi slitið